

# Dalalæðan


5.árg.1.tbl.1. febrúar 1992

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason

Ritnefnd: Auður Eiríksdóttir, Ásgeir Indriðason,  
Gísli Jóhannsson.

Tölvuvinna og uppsetning: Birgir Ingimarsson



**Meðal efnis: Refur gengur laus!  
Grein um Partabæina,  
Myndasaga frá þorrablótinu,  
Ljóðalestur og laufabrauð,  
Áramótaskaup hjá kirkjuklukkunum og  
fleira og fleira.**

## Partabæirnir: dálitlar athuganir.

Jarðimar Hlaðgerðarkot, Norður - Reykir og Æsustaðir í sunnan-erðum Mosfellsdal hafa lengi vel verið nefndar "Partabær". Spurning er versu lengi þessi gamla málvenja hefur verið ríkjandi. Þessir þrír bæir ljóta að hafa haft vissa sérstöðu, sem rétt er að skoða nánar.

Innansveitarkronika Halldórs nefnir bæina í sömu andránni og minnst er á sólarfíkasta blettinn í Dalnum, nefnilega hólinn þar sem kirkjan tendur nú. Á Partabæjunum ríkir hins vegar andstæðan hvar ekki sér til ólar "tíu og uppi átján vikur á ári". sbr. Innansveitarkróniku, bls.13.

Þegar fletti er gömlum heimildum, kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Þignaskrá Viðeyjarklausturs hins forna ber t.d. með sér að nær allar jarðir innan Mosfellssveitar voru eign klaustursins. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru þessar jarðir allar með tölu taldar til konungsgóss, enda var meginstofn konungseigna á Íslandi lengi vel jarðir klaustranna. Kóngur tti Mosfellsdalinn allan, "með manni og mús", aðeins kirkjulénið Mosfell og Partabæirnir voru það ekki. Jarðabók Árna og Páls (um Mosfellssveit ekin saman 1704) leiðir eitt athyglisvert í ljós varðandi Norður - Reyki, þar egir : "Jarðardýrleiki er XXX C (= 30 hundruð). Er jörðin sundur skift í gignarskiptum í þrjá staði, X C í hvjörum parti, nema úthagar eru óskiftir á allum tuttugu hundruða.", bls. 317.

Á Óxarárþingi var þinglýst kaup-, afsals- og gjafagjörmungum og r þeirra getið í sérstakri skrá í lok hvers árs. Alþingisbækurnar fyrir árin 640 - 1705 (6.-14. bindi) voru kannaðar vegna þinglýsinga á einstökum partabæjum.

Engar heimildir eru til í Alþingisbókunum á árunum 1640 til 1700, annig að ekki verður ráðið af þeim heimildum hvenær skipting Norður - Reykja hefur átt sér stað.

En 1716 eru Æsustaðir í eyði:"(Nr.) 48. Kaupbréf Andrésar Órðarsonar fyrir 10 hundr. í eyðijörðunni Norður - Reykjum, sem kallast Æsustaðir, liggjandi í Mosfellssveit, af Vigfúsa Jónssyni fyrir 60 rixd. in pecie. Dat. 5 Januarih 1716", sbr. Alþingisbók 10. bindi, bls 281. Árið 1747 ru 10 hundruð í Norður - Reykjum seld fyrir 58 ríkisdali, sbr. Alþingisbók 4. bindi, bls 33 og 1750 eru Æsustaðir seldir á 50 ríkisdali, sbr. Alþingisbók 4. bindi, bls. 225.

Af ofangreindu má telja líklegt að jörðinni Norður - Reykir hafi erið skipt í 3 hluta, ekki síðar en undir lok 17. aldar. Þar sem Jarðabók Árna og Páls minnst nokkrum sinnum á "parta" varðanda Norður - Reyki, má telja yfirgnæfandi líkur á því, að málvenjan þar sem minnst er á "Partabæina", vægi rekja til skiptingar jarðarinar.

*Guðjón Sigþór Jónsson  
Arnartanga 43  
Mosfellsbæ.*

Halldór Laxness:

## Útreiðartúr um Mosfellsdal

Þegar ég var búinn að vera mestallan daginn að lesa bækur sem ég skildi ekki, varla einusinni málið á þeim, þá náði ég í hann Hæring minn gamla, sem ég áður fyrri ætlaði að hafa til að gefa velgerðarmönnum mínum, og lagði á hann hnakk og reið burt úr byggð. Gamli hundurinn minn, hann Laxi, var hættur að fylgja mér leingra en útað túnhliðinu af því hann var orðinn sárfættur og giktveikur og farinn að sjá illa.

Þó fáir jafnist á við hund að vináttu, þá er líka mikið varið í félagskap hests. En svo var því nú farið með mig og þennan stulta gæðalega hest, hann Hæring minn; við höfðum aldrei persónulegt samband. Ég held hann hafi ekki fyrirgefið mér að ég leyfði honum aldrei að taka þát í lífi mínu. Á líðu svo að ég sem þó átti að heita eigandi hans talaði ekki við hann; var burtu frá honum; kom ekki á bak honum; fór til útlanda. Hann var einlægt fátækur og einmana hestur.

Ég reið misstóra sirkla, en helst ekki fram og aftur beina línu. Ein af hríngbrautunum mínum var kríngum Grímsanfell. Þetta fell er þó ekki fjall nema á einn veg, sunnanmegin þar sem við Einar Ólafur Sveinsson klifum ofan. Ef farið er meðfram fjallinu til austurs smáhækkar undirlendið en fjallið lækkar að sama skapi uns maður er staddur austrá Mosfellsheiði. Fjallinu hallar nefnilega ekki niður að sunnanverðu, heldur myndast þar hálandi, víða nokkuð úfið, og nær að ég held alla leið suðr í Selvog, og heitir ýmsum nöfnum á leiðinni. En beygi maður til vesturs ofanaf Grímsanfelli þá endar fjallið þar í aflíðandi með djúpum árgiljum og maður kemur niðrá mýrar sem tilheyra Helgadal.

Það var farið að skyggja um þetta leyti dags nær enduðum ágúst þegar ég kom ofanaf fjallinu. Niðrá vallendisbakka við ána þar sem Brennholt stendur núna veit ég ekki fyr en ég rekst inn í hóp af útreiðarfólki sem áir þar hestum sínum. Þetta er ungt fólk, sumt kannast ég við í ljósaskiftunum, sumt ekki; kanski eitthvert félag. Þarna var í hópnum þessi einklennilega stúlka eldri en ég, þreknari og mentaðri, og hélt trygð við móður mína og móður minni þótti að sínu leyti vænt um hana; einmitt stúlkan sem notaði eyðurnar í handritum mínum fyrir dagbók sína. Hún var í einu af þessum víðu reiðþílsum þar sem þrjár stúlkur hefðu auðveldlega komist fyrir samtímis, allar jafn tignarlegar; með reiðhatt og netta silfurbúna svipu. Hún heilsar mér á þann hátt sem henni var lagið, hlýtt og þó dálítið kalt og segir: Mikið að maður sér þig. Þó hún skrifaði einsog hjálparvana barn heilsaði hún fornlega og dömulega. Síðan lítur hún á stallsystur sína sem ég þekki ekki og segir við hana: Hér ber sannarlega vel í veiði!

Samferðakonan kom nær, og það kom uppúr dúrnunum að þær höfðu verið að tala um mig; þessa ókunnu stúlku lángaði til að kynnast mér af því ég væri áreiðanlega mest skáld í Gullbríngu og Kjós!

(Þessi kafla birtist í bókinni Grikklandsárið eftir Halldór Laxness árið 1980. Hann er birtur hér höfundur til heiðurs en Halldór verður níraður þ.23 apríl n.k.)

## Minning:

# Ólafur Magnússon frá Mosfelli

Fæddur 1. janúar 1910.

Dáinn 25. febrúar 1991.

Ólafur Magnússon frá Mosfelli er nú allur. Hann lést á sjúkrahúsi í Reykjavík mánudaginn 25. febrúar sl. Þessi fátæklegu minningarorð verða ekki mörg eða fjölskrúðug. Ólafur frá Mosfelli var þjóðkunnur maður, vinmargur og vinsæll og hefur verið á fjöllum samkomuhúsa þjóðarinnar í fimmtíu ár. Saga slíkra manna er nú þegar skráð í hugum vina og aðdáenda og einnig og ekki síður á síðum blaða og tímarita. Umsagnir um list Ólafs og framgöngu á farsælum ferli hins sjálfmenntaða listamanns er kunnari en svo að hér sé tækifæri til þess að bæta miklu við.

Ólafur var fæddur á Mosfelli í Mosfellssveit á nýársdag 1910, sonur presthjónanna á Mosfelli, þeirra Valgerðar Gísladóttur og séra Magnúsar Þorsteinssonar sem þjónaði prestakallinu frá 1904 til dauðadags 1922.

Minningar um bernskuárin í Mosfellsdalnum voru kristaltærar og heillandi. Á þessum árum var sungið og spilað á hljóðfæri á menningarheimilum í Dalnum, einkum þó hjá Guðjóni í Laxnesi, Æsustöðum og ekki síst á æskuheimili Ólafs á Mosfelli. Presturinn var söngvinn og nokkuð menntaður í tónlist, orgel á heimilinu og mikið sungið við alls konar tækifæri. Í þessu umhverfi ólst Ólafur upp og sá menningararfur sem hann hlaut í uppvextinum fylgdi honum alla tíð. Ólafur starfaði lengst af á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, allt til ársins 1981.

Er Óli hætti í Heilsuverndarstöðinni undi hann öllum stundum í Veiðihóli í Mosfellsdal en þar áttu þeir bræður Árni og hann sumarbústað, settust þar að og gerðu sér gróðurreit. Hann var nú fluttur á æskustöðvarnar og nærtækt var að taka nú aftur til hendinni þar sem frá var horfið í sveitinni.

Að leiðarlokum er fátt sagt en því meir hugsað til hins framlíðna vinar sem nú kveður og heldur á vit þeirra sem á undan eru gengnir. Minninginn lifir um góðan vin.

*Jón M. Guðmundsson*

## Vögguljóð

Svæfi þig, svæfi þig söngur minn,  
senn kemur nóttin hljóða.

Ljúft er þitt bros og björt þín kinn  
blundaðu barnið góða.

Leggðu nú, aftur augun þín  
ástkæra, dýra perlan mín.

Svæfi þig, svæfi þig söngur minn  
senn kemur nóttin hljóða.

Nú sefurðu barn mitt með bros á vör  
ber þig um draumaheima.

Hve feginn ég vildi með þér í för  
ferðast um töfrageima.

Ég vil að hið góða gæti þín  
geilsandi, bjarta perlan mín.

Nú sefurðu barn mitt með bros á vör  
ber þig um draumaheima.

*Ólafur Magnússon*

(Lagið og ljóðið söng Ólafur á hljómplötu sinni, "Ég lít í anda líðna tíð", árið 1985)

## Minning:

**Jón Magnússon, garðyrkjubóndi frá Árvangi**

Fæddur 29. apríl 1921

Dáinn 8. nóvember 1991

Jón lést á heimili sínu þann 8. nóvember sl., varð bráðkvaddur er hann var að raka saman grasi í garði sínum sem hann hafði slegið daginn áður. Hafði Jón þá haft orð á því að ekki hefði hann búist við því að eiga eftir að slá blett svo seint sem í nóvembermánuði.

Jón var áður til heimilis í Mosfellsbæ, fyrst á Árvangi í Mosfellsbæ, síðar í Dvergholti 13, þar til hann flutti ásamt eiginkonu sinni, Jensfnu Magnússon, til Vejle í Danmörku árið 1988.

Foreldrar Jóns voru Guðrún Kristín Jónsdóttir frá Hólsbúð í Flatey á Breiðafirði og Magnús Jónsson, einnig frá Flatey. Jón fæddist í Flatey en fluttist þaðan með foreldrum sínum árgamall til Reykjavíkur. Móðir hans lést þegar hann var aðeins nfu ára gamall og flutti hann þá til afa síns í Flatey þar sem hann dvaldi fram yfir fermingu. Þá kom hann í Mosfellssveitina og hóf störf hjá frændfólki sínu við garðyrkjustöðina að Reykjum. Þar var honum eindregið ráðlagt að afla sér frekari starfsreynslu í garðyrkjunni og fór hann út til Danmerkur 1939, nánast sendur utan til náms. Þar vann Jón við garðyrkjustörf bæði á Fjóni og á Amager. Dvölin varð lengri en ráð var fyrir gert því hann komst ekki heim aftur fyrr en að lokinni síðari heimstyrldinni. Um árabíl stundaði Jón garðyrkjustörf á Árvangi.

Smám saman dró úr garðyrkjustörfunum og Jón réði sig til starfa á Álafossi. Þar kom að þau Jensfna seldu Árvang og byggðu sér hús við Dvergholtið í Mosfellsbæ árið 1975. Þau áttu stóran og myndarlegan garð í Dverghotlinu. Hjá þeim hjónum óx allur gróður, betur en annars staðar, og mátti Jón hafa sig allan við á sumrin til að halda honum í skefjum. Jón vann lengst af við að sníða teppi á Álafossi og við teppalagnir. Hann var vinnusamur og tók duglega til verka. Oft var hann kallaður til starfa utan vinnutíma og var ávallt reiðubúinn til þess, hvort sem var að kvöldi eða á frídegi.

Hann var ekki langorður maður en alltaf var gott að ræða við hann, nánast um hvað sem vera skyldi, og hann var glaðlegur og vingjarnlegur. Þeir sem umgengust hann fundu strax hversu reiðubúinn hann var til að rétta vinum sínum hjálparhönd.

*Pétur Hauksson.*

## Minning:

### **Gísli Magnússon frá Leirvogsvatni.**

Fæddur 13. maí 1907.

Dáinn 19. desember 1991.

19. desember síðastliðinn var kalt í veðri og vatn meira og minna drepíð í dróma hér sunnanlands.

Þá kvaddi hann þennan heim maðurinn sem ævinlega var kenndur við þetta einkennilega efnasamband sem við köllum vatn.

Gísli bjó um áratugaskeið á Leirvogsvatni og margir Dalbúar minnst hans frá þeim tíma.

Hann var hambleypta til allra erfiðisvinnu og greip í verk á mörgum bæjum hér í Dalnum meðfram búskap á Leirvogsvatni.

Á þessum árum hafði Gísli nokkurs konar einkennismerki sem voru klofhá stígvél.

Hann gat verið í þessum stígvélum sínum við hvaða tækifæri sem var: Við heyskap í brakandi þurki, við skurðgröft, í smalamennsku uppi á miðri heiði eða við veiðiskap í Leirvogsvatni.

Reyndar voru veiðarnar annað aðalsmerki Gísla - hann var ótrúlega fiskinn en ekki gefinn fyrir að segja öðrum frá leyndardómum veiðimennskunnar.

Þegar Gísli brá búi flutti hann niður í sveit og var starfsmaður Mosfellshrepps.

Hann átti þá um árabíl athvarf í Varmárskóla og líklega hafa börnin lært margt af Gísla þótt erfitt væri að halda uppi samræðum við hann vegna slæmrar heyrnar. Hann var einn af þeim sem gat auðgað umhverfi sitt með nærveru sinni einni saman.

Það voru líka margir sem lögðu lykkju á leið sína til Gísla á Varmárbrekkku. Þrennt var það sem einkenndi heimsóknirnar: Ómælt kóka-kóla, spilamennska og stopular samræður. Stundum ilmandi vindlareykur og brennivínsstaup í kaupbæti.

Þegar Dalbúar hófu að halda sín vinsælu þorrablót í Hlégarði þótti Gísli á Vatni sjálfsagður boðsgestur og lét sig aldrei vanta.

Nú blótar hann ekki fleiri þorra með sínum gömlu vinum úr Mosfellsdal en þeir minnst hans með hlýhug og þökk.

*Bjarki Bjarnason*

# Klukkunar kalla.

Lagfæringar standa nú fyrir dyrum á Mosfellskirkju. Spilverkið í kirkjuklukkunum hefur verið lagað og nú hljóma klukkurnar aftur um Dalinn kl. 18.00 á hverju kvöldi.

Enn fremur er ætlunin að taka kirkjuturninn ofan og skipta um klæðninguna undir koparum. Þá verður skipt um gler í kirkjunni og fleira fæst til betri vegar.

Klukkurnar komust reyndar í lag fyrir síðustu áramót en bituðu skyndilega með spaugilegum hætti á gamlárskvöld. Ef til vill hafa glöggir Dalbúar veitt því eftirtekt að um tólf á miðnætti á gamlárskvöld byrjuðu klukkurnar að glymja. Þetta þótti mönnum vel við hæfi í fyrstu en þegar klukkurnar höfðu hringt til klukkan eitt um nóttina fór að renna tvær grímur á heimilsfólkið á Mosfelli og Birgir hringdi í kirkjuvörðinn. Þá kom það sannað í ljós: Klukkurnar áttu alls ekki að hringja - þær voru einfaldlega snarbitaðar!

Stökkt var á klukkunum á miðri nýársnótt og síðan hefur klukkuverkið verið lagað og þær hringja aftur á sínum gamla góða tíma. Segið svo að kirkjuklukkur séu ekki skynsanar og kunni ekki að bila á réttum tíma!

B.B.

---

## Stórafmæli.

Svava Elfasdóttir í Víðigerði varð sjötug þann 20. janúar s.l. Vígðóll árnar henni allra heilla af þessu tilefni.

Þá verður Halldór Laxness nfræður þ. 23. apríl. Leikfélag Mosfellsbæjar er með í undirbúningi viðamikla dagskrá sem byggð verður á verkum hans.


---

## Eru Dalbúar myndarlegir?


Vísir að myndasafni Dalbúa er nú að verða til. En betur má ef duga skal. Það vantar gamlar myndir, nýjar myndir, alls konar myndir.

Hafið sambíð við myndasafnsvörðinn sem er Auður á Laugabóli.

# Myndasaga af þorrablóti.



Fúll í skapi hengir haus hann er alveg fatalaus.




Brennivín er þarfapung og þjónar mörgum Mosfelling.




Spegill, spegill herm þú mér hver í Dalnum bestur er??

Skömmu síðar...

Grófa kvöldið daladrótt  
Nú drukkist verður fram á nóttu



Drekka menn og dómur flest  
Og drekka á við heilan hest.




Sumir hella úr heilum kútt  
en hinir drekka beint af skútt.




framhald...






Eróllt að vortu villnaum hér  
vill ekki einhver hjálpa mér?



Skömin fannst upp á þekk  
hvað villt þú nú upp á dekk?



Út Hlégarði mér hent er út  
heim ég fer með sorg og sít!

ENDIR.

## Fréttir af golfvellingum

Greinilegt er að golfvöllurinn er kominn til að vera því búið er að viðurkenna hann formlega af Gólf sambandi Íslands og er hann nú kominn í hóp þeirra golfvalla sem réttindi hafa til að veita golfurum algilda forgjöf og er orðinn aðili að G.S.Í, Í.S.Í. og U.M.S.K.

Nú hefur Steinar vikið sér undan hita og þunga daglegs reksturs, viðhalds og nýræktana á vallarsvæðinu en Gísli í Brekkukoti tekið við sem vallarstjóri. Steinar ætlar að snúa sér að skógræktinni og koma af stað skipulagðri trjárækt út um víðan völl. Íþróttareksturinn er hins vegar að öllu leyti í umsjá og á ábyrgð löglega kjörinnar stjórnar Golfklúbbs Bakkakotsvallar og þeirra mörgu nefnda sem sjá um að reksturinn sé í fullu samræmi jafnt við skráða sem óskráða siði og reglur íþróttarinnar á alheimsvísu.

Dalbúar ættu að feta í fótspor framúrstefnufrúarinnar í Sigtúni og taka fram gönguskíðin þegar þannig viðrar og sprikla svolítið á golfvellingum en það er bæði í þökk og með fullu samþykki vallareigenda. Ef óskað yrði er sjálfsagt að lána göngumönnum lykla að golfskálanum til jafns við golfarana svo þeir geti notfært sér hreinlætisaðstöðuna og maulað nestið ef svo ber undir.

S.G.

# Refur gengur laus!

Í svörtustu kreppunni milli stríða var ráðist í loðdýrarækt að Minna- Mosfelli. Guðmundur Kr. keypti nokkra silfurrefi frá Noregi og kom þeim fyrir í rammgerðu búi sem reist var á melnum þar sem kúaslóðin lá ofan í Kýrgilið rétt norðan við svokallaðan rabbarbaragarð þar sem þau Anna og Gísli í Brekkukoti reistu síðar bú sitt.

Frágangur allur á þessum víravirkisbúi var svo rammger að gamlar girðingarkempur úr sveitinni hristu hausinn yfir allri nákvæmninni því minna hefði nú mátt gagn gera til að varna blessuðum skepnunum frelsisins.

En rebbi var klókari en búist var við því við og við náði eitt og eitt dýr að smjúga varnirnar. Flóttarefir týndust samt ekki því þeir héldu sig í grenndinni og sóttu sér mat í búið.

Eitt sinn er myndarlegur steggur hafði klórað sig lausan var hann eltur um túnin á Minna-Mosfelli og Mosfelli en týndist leitarmönnum í gilinu. Söfnuðust kappar nú saman utan í Mosfellshólnum til að endurskipuleggja leitina. Sjá þeir þá hvar maður tekur sig upp frá Hrífsbrú og leitar til fjalls og ferðin svo mikil að menn stóðu á öndinni af undrun.

Síðar kom í ljós að þetta þeytisþjald var ekkert annað en Ingimundur, nýi bóndinn á Hrífsbrú, hlaupandi beint á brattann upp Mosfellið á eftir flóttarefnum okkar á Minna. Ekki var vitað hvort sundur eða saman dró með köppunum upp fjallið því um forskot rebba var ekki vitað. En þegar upp var komið snarsneri rebbi við og strunsaði niður fjallið. Og nú hófst spennan því Ingimundur elti og nú dró saman með þeim. Var ekki annað að sjá en að við fellsfótinn væri Ingimundur að góma rebba. En lágfóta tók þá aðra u-beygju og lagði enn á fjallið og Ingimundur á eftir. Nú virtist rebbi hafa vinninginn en slapp samt við sinasterkar greipar Hrífsbrúarbóndans og þegar upp var komið lagði hann aftur undan brekkunni. En Ingimundur sneri líka við og hafði nú greinilega betur og náði þessum snjalla flóttaref áður en þeir félagarnir komust niður á grundirnar.

Þarna sá ég Ingimund á Hrífsbrú í fyrsta skipti eftir að hann fluttist í sveitina, en eltingarleikurinn við refinn hafði sannað að íspróttamaður var kominn í Dalinn.

*Steinar Guðmundsson.*

## Minning:

### **Halldóra Jóhannesdóttir frá Mosfelli.**

Fædd 2. nóvember 1898.

Dáin 27. september 1991.

Þessa dagana kviknuðu götuljós í Mosfellsdal. Þar með vorum við Mosdælingar tosaðir innf tuttugustu öldina. Þessa sömu dagana hurfu okkur sjónum táknrænu ljósin. Halldóra Jóhannesdóttir frá Mosfelli og séra Bjarni Sigurðsson kvæddu með fárra daga millibili.

Dóra á Mosfelli, "drottningin" okkar Dalbúa, margkrýnd, hvort sem það var heiðursfélagi félags dalbúa, heiðursgestur þorablótsins, jólastjarna jólaballsins..... Það var ekki einn og ekki tveir sem voru í viðbragðsstöðu að sækja Dóru, flytja Dóru heila heim. "Hver fór að sækja Dóru á Mosfelli?" Bjarki og Keli og Biddi og Gísli og Duna og Dísar.... Já, þá ætti hún að fara að koma. Svo kom hún svo ljómandi sín, rjóð í kinnum í silkikjól og hvítum skóm. Hún naut þess að punta sig og í þeim efnum blés hún á veðurfarið þó það blési á hana. Ég man aldrei eftir að Dóra klæddi sig öðruvísi en að hún væri að ganga út í blessað sólskinið.

Dóra laðaði að sér fólk. Hjá henni var alltaf lagt á borð, alltaf sat fólk úr hinni og þessari áttinni og naut kræsinga, sagði tífundi og Dóra vissi hvað öllu leið. Í gamla daga þegar mamma kom neðanað einsog sagt var og-leiftraði soldið, spurðum við hana hvort hún hefði komið við á litlu fréttastofunni. Einu sinni tók ég eftir að það stóð óeðlilega oft lögreglubíll á hlaðinu hjá Dóru. Svo ég keyrði til hennar að gá. Við eldhúsbörðið sátu tveir rosalega stórir og feitir lögregluþjónar með húfurnar settlega lagðar hjá kökudiskunum og tuggðu mikið og supu. "Hvað er þeir að vilja?", spurði ég. "Heyrðu mig snöggvast frammi gang", hvíslaði Dóra. "Þeir eru að sækja egginn sín", og þarna stóðu föturnar þeirra fullar af drifhvítum eggjum úr dekurhænunum hennar Dóru.

Ein af mínum kærustu endurminningum um samvistir við Halldóru verða um það bil þrjátíu og eitthvað laufabrauðsbakstrar. Í áratugi höfðu þær Auður móðir mín þann sið að baka saman laufabrauð svona framarlega í desember. Þá list kunnir Dóra best af öllum og kenndi hana mörgum. Á fyrstu árum laufabrauðsgerðar urðu þær mamma miklar vinkonur og þótti þeim afar vænt hvorri um aðra.

Nú verða barnateppin, ullarsokkarnir og vettlingarnir óteljandi sem hún sá börnunum mínum fjórum fyrir, einsog öllum öðrum börnum sem hún þekkti, minning um gamla konu sem til hinsta dags lét sig alla varða.

*Sigríður Halldórsdóttir, Jónstótt*

# Ljooalestur og laulabrauo

## -minningar frá kvenfélagsfundum

Það var held ég fyrstu vikuna sem ég átti heima í Gljúfrasteini að ég hitti Krístrúnu Eyvindsdóttur í Stardal. Hún kom gestur hingað ásamt Jónasi bónda sínum. "Og hver á svo að þrifa húsið", var það fyrsta sem Krístrún sagði eftir að hafa skoðað það hátt og lágt. Ég dáðist að þessari sviphreinu raunsæiskonu og þarna fann ég að ég var komin í annað umhverfi, langt í burtu frá því sem ég var vön.

Krístrún var formaður Kvenfélagsins um þessar mundir. Ég man helst hvað mér fannst fyrsti fundurinn ólflkur þeim í Kvenréttindafélaginu, og eiginlega lagði ég á hilluna ýmis kvenréttindamál, því þau virtust ekki útmætt. Flestar félagskonur voru eldri en ég, reyndar húsmæður og létu sér ekki fyrir brjósti brenna að sækja fundi, hvornig sem á stóð með veður og færð. En þar verð ég að bæta því við að flestar létu flytja sig á fundina og held það sé rétt hjá mér að ég hafi verið sú eina sem ók sjálf; að minnsta kosti fyrsta veturinn.

Starfað var samvæmt stefnuskrá félagsins að ýmsum líknar-, framfara- og menningarmálum og alltaf eitthvert merkisefni á dagskrá, oftast unnið í samstarfi, og mikið feiknarlega unnu þessar konur vel saman hvort heldur var verið að undirbúa jólagleði barna, matseldina í Hafravansrétt, eða vinnu fyrir basarinn. Þær lögðu meira uppúr því að njóta lífsins einsog það var, en að bæta það fyrir sjálfa sig, og vildu láta gott af sér leiða. Mikið gekk líka undan þeim í framfaramálum eins og sjá má í skýrslum bæði Kvenfélagsins og hreppsins.

Aldrei komst ég til mikilla mannvirðinga í þessu félagi, þann tíma sem ég starfaði í því, og var lítið tekið undir mfnu uppástungur, einsog að planta skógi kringum Hlégarð eða stofna til vinnufunda fyrir basarinn. Það kom aftur seinna. Það varð heldur ekkert úr því að stofnað yrði almenningsspvottahús í Hlégarði, sem þá var brýnt að mér fannst, en er heldur betur úrelt nú á tímum!

Á hverjum fundi var einhverskonar upplýftingarefni flutt: Lára prestsfrú las upp frumort kvæði, og neri saman höndum svo fallega undan peysufatastúkunum. Halldóra á Mosfelli las úr dagbókinni sinni og fleiri fluttu hver sitt efni, lásu skáldskap eða sögðu ferðasögur til fróðleiks og skemmtunar.

Ég á ógleymanlegar endurminningar frá því að skreyta jólatré eða baka laufabrauð í Hlégarði, og þó ekki væri nema að hafa kynnst konu eins og Bjarnveigu í Seljabrekku, þessari starfsömu, glaðværðu og jákvæðu konu, lyfti það mér hátt. Það var nú ekki verið að víska fyrir sér að baka nokkur hundruð flatkökur eða pönnukökuhlaða fyrir jólaball, hvorki hjá henni né öðrum konum í sveitinni.

*Gljúfrasteini í jan. '85*

*Auður Sveinsdóttir Laxness.*

(Greinin er hluti af grein sem Auður skrifaði í afmælisblað Kvenfélagsins árið 1985.)

## Minning:

# Séra Bjarni Sigurðsson frá Mosfelli

Fæddur 19. maí 1920.

Dáinn 2. október 1991.

Svo var það sagan af dalnum sem eignaðist prest eða prestinum sem eignaðist dal. Það mál verður aldrei útskýrt. Ekki veit ég til þess að trúin hafi stjórnað lífi svo mjög hér í Mosfellsdal, hvorki fyrr né síðar. Líkast til trúðum við á séra Bjarna okkar.

Við erum ansi mörg sem ekki höfum haft rænu á að flytjast burt úr Mosfellsdal síðan séra Bjarni Sigurðsson frá Mosfelli jós okkur vatni eða skráði tilvist okkar í kirkjubækur. Við minnumst þess öll, að hafa sem smábörn horft í afar falleg augu á smágerðum manni með sérkennilegan hljómi í röddinni. Þessi góði maður var áfúsugestur á heimilum foreldra okkar ásamt Aðalbjörgu konu sinni. Til hinna dags var hann viðstaddur á okkar stærstu stundum og ef á bjátaði voru umhyggja og hughreystingarorð ekki langt undan.

Séra Bjarni fékk aldrei á sig fas eldri manns. Í návist hans leið manni einungis vel, hann varð okkar vitri vinur, sem kunni að gleðjast með okkur þegar við urðum fullorðin, hélt áfram að taka þátt í lífinu með okkur þó ekki starfaði hann lengur sem prestur. Hann var áfram séra Bjarni í hugum barnanna okkar.

Ég verð ekki sú sem geri úttekt á störfum og menntun prestsins, en hann elskaði manneskjuna í margbreytileika sínum. Í kringum séra Bjarna var ára skilnings og góðvildar.

Blessuð sé minning séra Bjarna Sigurðssonar frá Mosfelli.

Sigríður Halldórsdóttir  
Jónstótt

## Fundur og mannfagnaðir .

Þorablót Dalbúa var haldið í Hlégarði 2. laugardag í þorra þann 2. febrúar. Að venju tók Lúðrasveit Dalbúa á móti gestum með miklum glæisbrag og var mikil sveifla á stjórnandaum, Þorkeli Jólssyni. Birgir Sigurðsson flutti gamansaman pistil um mannlíf í Dalnum og Guðrún Tómasdóttir söng við undirleik Ólafs V. Albertssonar og fékk hún síðan alla viðstadda með sér í fjöldasöng. Hinn besti þorramatur var á borðum og að áti loknu var stiginn dans af miklu fjöri fram eftir nóttu. Rúmlega 100 manns mættu á blótið.

Gróðursetningardagur var laugardaginn 8. júní. Um 40 manns, börn og fullorðinir mættu þar í ágætisveðri. Bæjarfélagið lagði til grús svo leggja mætti stíg inn á svæðið. Það verk gekk nokkuð vel en er aðeins upphafið og verður áreiðanlega haldið áfram með vegagerð þarna. Er ánægjulegt að bæjarfélagið skuli styðja þessar framkvæmdir. Töluvert var plantað af trjám og eitthvað reynt að reyta gras sem vex í kapp við trén. Pylsur voru grillaðar og gos og öl teygð með. Þá var rætt um drög að nýju skipulagi fyrir Mosfellsdal, sem gerir ráð fyrir aukinni búðabyggingu. Lagðar voru fram athugasemdir við skipulagsdrögin og samþykktu allir viðstaddir 16 ára og eldri, að undirrita þau og senda bæjarstjórn. Síðan kom á svæðið Guðrún Þórðardóttir á Vífihóli ekkja Árna Magnússonar. Hún vildi minnst þess að þennan dag voru 50 ár liðin síðan þau Árni hófu fyrstu framkvæmdir í landi sínu á Vífihóli, og færði hún félaginu myndarlega gjöf, kr. 50.000.- sem nota skal til gróðurstarfa. Við Dalbúar kunnum Guðrúnu bestu þakkir fyrir þessa höfðinglega gjöf, sem á eftir að reynast okkur notadrjúg við skróðgarðsframkvæmdir.

Aðalfundur félagsins var haldinn þ. 27. nóvember. Fundarstjóri var Halldór Þorgeirsson. Ný stjórn var kjörin og skipa hana Gísli Jóhannsson Hveramýri, Auður Eiríksdóttir Laugabóli og Ásgeir Indriðason frá Vífigerði. Á fundinum var einnig kosin nefnd til að undirbúa sumarskemmtun. Í þeirri nefnd eru: Signý á Furuvöllum, Örn á Laugabakka, Ómar á Laugabóli, Guðlaug á Dalsá og Guðný í Melkoti. Aðalfundurinn fagnaði götulýsingu í Dalnum sem kom nú í haust.

Áramótabrennan logaði glatt í ágætisveðri að þessu sinni. Fínn hljómsveitarpallur, teppalagður var á staðnum og tvær hestakerrur notaðar til skjóls. Fjölmenni mætti við bálið um nfuleytið og söng og trallaði. Ansi djúpt stöðuvatn var rétt við bálið og reyndu allnokkrir að ganga yfir það en urðu að taka sundtökin til þess að komast að bálinu!

Jólaball var haldið í Reykjadal 4. jan. Lúðrasveitin lék fjörug jólalög meðan fólk var að tínast í hús og komast í stuð. Þá tók við Guðmundur Ómar Óskarsson dansstóri og stjórnaði hann ballinu og söngnum af mikilli röggsemi og var mikið dansað kringum jólatréð, sungið og leikið. Síðan lauk samkomunni með því að skotið var upp nokkrum flugeldum og kveikt í stjörnuljósum. Alls komu 90 manns á ballið.